

STAÐSETNING Í BÆJARLANDINU

## SKÝRINGAR:

- x HÚSNÚMER
- LÓÐAAFMÖRKUN
- NÚVERANDI MANNVIRKI
- AFMÖRKUN SVÆDISINS
- AFMÖRKUN ÚR DEILISKIPULAGI SUÐURHAFNARINNAR SEM TÓK GILDI 1. mars 2006
- BYGGINGARREITUR
- NÁTTÚRLEGT SVÆÐI
- AKFER GÖNGUSTÍGUR
- ÚTIVISTARSTÍGUR
- GÖNGU- OG HJÓLASTÍGUR
- BÍLA- OG BÁTASTÆÐI

**FYRIR** SUÐURHÖFN DEILISKIPULAG. Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar þann 6. janúar 2006 breytingu á deiliskipulagi Suðurhafnarinnar og óðlaðist gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 1. mars 2006.

### Breyting á deiliskipulagi "SUÐURHÖFN DEILISKIPULAG" vegna bátaskýla við Hvaleyrarlón. Nánar er skilgreind notkun skýlanna, útlit þeirra og litur.

Í gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar er svæðið skilgreint sem "opin svæði til sérstakra nota" og undir þann flokk falla svæði með útivistargildi þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjagerð í tengslum við þá starfsemi sem þar er stunduð. Á þessu svæði er bæði golfvöllur og friðlýst svæði sem hefur ótvírætt gildi fyrir útivist og náttúruskoðun.

Deiliskipulagsbreyting þessi nær yfir svæði frá skipulagsreit nr. 3 (í deiliskipulagi Suðurhafnarinnar) að mörkum deiliskipulags fyrir Hvaleyri til vesturs og að Hvaleyrarbrautar til norðurs. Breytingin gengur út á að skilgreina nánar starfsemi bátaskýlana við Hvaleyrarlón, notkun þeirra stærð og lit. Stærð reitsins er 2 ha. Búseta í skýlunum er bönnuð og skulu þau nýtast í tengslum við uppsátur og geymslu báta og starfsemi tengda því. Útlit og notkun skal því vera í samræmi við upprunalega starfsemi.

**Í núgildandi skipulagsskilmálum stendur:**  
9. svæði 3 - svæði við Hvaleyrarlón. Gerðar eru breytingar í skilmálatexta svæðisins í grein 5.2. Breyting á texta: "leyft verður að hækka sökklá undir þeim skýlum sem lægst standa í landi um allt að 1.5 m í stað þess standi "leyfilegt er að hækka GK í kóta 3.9 yfir sjávarmáli (landkóti) Porthæð verði að hámarki 1.5 m" Önnur setning sem breytist er "hæð skýlanna má vera skv. þeim nýjustu austast á svæðinu" Í stað þess standi: Hámarks mænishæð er 9.7 yfir sjávarmáli (landkóti)" Að öðru leyti gilda aðrir skipulagsskilmálar.


**Í stað þess standi:**  
Hámarks grunnflötur skýlanna má vera 77 m<sup>2</sup> og hámarks lengd austur-vestur hliða er 11 m og norður- suðurhliða 7 m. Porthæð má vera að hámarki 90 cm. gólfkóti má vera yfir stórstraumsflæði, hámarks mænishæð er 10.0 m yfir sjávarmáli (landkóti) og þakhalli skal vera sá sami á öllum húsum. Sökklar mega vera steyptir ásamt portveggjum en þak skal vera úr timbri með bárujárnsklæðingu í grænum eða bláum lit. Leyfilegt er að setja milliloft en það getur ekki orðið sér hæð.

Leyfilegt er að setja einfalda hurð á suðurhlíð hússins en norðanmegin má setja tvöfalda hurð sem tengist þá þeirri starfsemi sem er í húsinu. Ekki má koma fyrir rotþró heldur skal tengja allt frárennsli við frárennsliislagin bæjarins. Engar útbýggingar eru leyfðar eins og svalir eða verandir. Gert er ráð fyrir bíla- og bátastæðum. Leyfilegt er að leggja dráttarbrautir frá húsi niður að löni. Bent skal á að hafa þarf samráð við Umhverfisstofnun vegna skipulags og framkvæmda á og við náttúruverndarsvæði s.s. svæði á náttúruinjasrá eða þeirra sem falla undir 37. Gr. Laga um náttúruvernd 44/1999.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM AUGLÝST HEFUR VERIÐ SKV. 2. MGR. 43. GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 M.S.BR.

FRÁ: \_\_\_ TIL: \_\_\_ VAR SAMÞYKKT Í BÆJARSTJÓRN ÞANN 2012

SAMÞYKKT DEILISKIPULAGSBREYTINGARINNAR VAR AUGLÝST Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN 2012



**HAFNARFJARÐARBÆR**  
**SKIPULAGS- OG BYGGINGARSVIÐ**

BREYTING Á DEILISKIPULAG FYRIR SUÐURHÖFN, BÁTASKÝLI

SKIPULAGSUPDRÁTTUR

DAGS. 1. DES 2012	MEY. 1. 1000	BERGLIND GUDMUNDSDÓTTIR LANDSAGARKENNT FÍLA
-------------------	--------------	--